



Leiðbeiningar um notkun á NOCO starttækjum.

Þegar nota á tækið til að starta farartæki er rétt að bera sig að með eftirfarandi hætti:

- 1) Fyrst að tengja tækið við rétta póla á þeim rafgeymi sem á að hlaða.
- 2) Þegar tenging er komin á er rétt að kveikja á tækinu. Tækið þarf nokkrar sekúndur til að mæla hleðslu og rýmd á rafgeyminum.
- 3) Reynið að starta farartækinu, ef rafgeymirinn er ekki of djúpt fallinn þá ætti aðstoð tækisins að duga.
- 4) Ef rafgeymirinn er alveg fallinn þá á að nota hnapp sem er rauður með upphrópunarmerki, þrýsta á hann í 5 sekúndur og ræsa síðan farartækið. Þegar þessi hnappur er notaður þá gefur tækið fullt afl og aftengir allan eigin öryggisbúnað.
- 5) Um leið og tækið er komið í gang á að SLÖKKVA á starttækinu ÁÐUR en það er aftengt.

Ef að startklær snertast á tæki sem er kveikt á er líklegt að skammhlaup verði og tæki er þá ónýtt og verður ekki bætt. Öll ábyrgð byggir á réttri meðhöndlun á tækinu.

Geymið tækin aldrei nema fullhlaðin í frosti.

Hleðslulaust tæki sem geymt er í bíl í frosti mun frostskemmast og rafmagnssellur skemmast.

Öll ábyrgð byggist á réttri notkun og geymslu tækisins.